

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 362/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Andréssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik. Skjalafals. Ítrekun. Hegningarauki. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, að því er ákærða einan varðar, af hans hálfu og ákærvalds með stefnu 24. september 1996. Áfrýjun ákærða miðar eingöngu að endurskoðun hinnar dæmdu refsí-
ákvörðunar. Krefst hann þess, að refsing verði milduð og gerð skil-
orðsbundin að stórum hluta.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Grétars Sigurbergssonar, réttargeðlæknis á réttargeðdeildinni að Sogni. Þar kemur fram, að ákærði hefur verið til meðferðar hjá læknum vegna þunglyndis-
einkenna frá því í maí sl. og var vistaður að Sogni frá 14. ágúst til 11.
október. Er tekið fram, að meðferðin hafi tekist vel og ákærði tekið
stórstígu framförum á skömmum tíma.

Ákærði hefur hlotið fjórtán refsíðoma fyrir ýmisleg afbrot frá ár-
inu 1988, en auk þess margoft verið sektaður. Ákærði var dæmdur í
níu mánaða fangelsi 15. janúar sl., og var þá dæmd upp 195 daga
reynslulausn. Þá var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 1.
febrúar sl., en ekki gerð sérstök refsing. Refsing ákærða nú er heg-
ningarauki við síðarnefnda dóminn og að hluta til við hinn fyrr-
nefnda. Ákærði var viðstaddur uppsögu dómsins 15. janúar sl., og
hefur hann því ítrekunaráhrif á brot þau, sem greinir í 5. – 11. tölulið
B-liðar ákæru.

Þegar litið er til umfangs brotanna, sem ákærði er sakfelldur fyrir
í máli þessu, en einnig til sakaferils hans svo og 71. gr., 77. gr., 78. gr.
og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður ákvörðun
héraðsdómara um refsingu ákærða staðfest.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar. Þá verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Hrafn Bragason hæstaréttardómari gerir þá athugasemd, að honum þyki refsing á hendur ákærða nægilega ákveðin tólf mánaða fangelsi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. ágúst 1996.

Ár 1996, mánudaginn 19. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 609/1996: Ákærvaldið gegn Birgi Andréssyni og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara. Með hinni fyrri, dagsettri 30. júlí sl., á hendur ákærðu Birgi Andréssyni, Suðurhólum 20, kt. 230459-2079, og X, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, framin í Reykjavík á tímabilinu frá október 1995 fram í janúar 1996:

A. Ákærðu er gefið að sök að hafa 27. og 28. október staðið saman að því að nota í viðskiptum falsaða tékka frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærði X falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir P. Árnason og ákærði Birgir notaði í staðgreiðsluviðskiptum.

1. Tékki nr. 3094933, að fjárhæð 31.200 kr., seldur í versluninni Tæknibæ, Aðalstræti 7, Reykjavík.

2. Nr. 5411836, 28.000 kr., seldur í verslun Hugvers, Laugavegi 168.

B. Ákærða Birgi er gefið að sök að hafa:

1.

Dagana 27. og 28. október notað í viðskiptum fjóra tékka, sem hann falsaði á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík:

1. Nr. 3094935, 2.500 kr., með útgefandanafnrituninni Ásgeir P. Árnason, notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

2. Nr. 3094944, 3.000 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í verslun Pennans, Hallarmúla 2.

3. Nr. 3094949, 5.000 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í einni verslana Nestis hf.

4. Nr. 5411843, 7.500 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í söluturninum Iðufelli 14.

2.

Hinn 13. desember 1995 notað í staðgreiðsluviðskiptum tvo tékka úr tékkhefti sínu á reikning nr. 65 frá Landsbanka Íslands, Reykjavíkflugvelli, án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra:

1. Nr. 19450, 15.000 kr., með útgefandanafnrituninni Gunnar Hauksson, seldur í versluninni Rómeó og Júlíu, Fákafeni 9.

2. Nr. 19441, 45.000 kr. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann í verslun Egils Jacobsen, Austurstræti 5.

3.

Hinn 19. janúar notað í viðskiptum tvo tékka, sem hann falsaði með útgefandanafnrituninni Feldís H. Einarsdóttir á eyðublöð úr tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra, Borgartúni 18:

1. Nr. 7298640, 10.000 kr., seldur í söluturni í Lóuhólum 2-6.

2. Nr. 7298639, 8.000 kr., seldur í verslun Hagkaupa við Laugaveg.

Telst ofangreind háttsemi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nema notkun ákærða Birgis á tékka nr. 19441 samkvæmt ákærulið B 2, sem telst varða við 248. gr. sömu laga.

4.

Aðfaranótt laugardagsins 20. janúar tekið í heimildarleysi bifreiðina HS-590 við Kringluna og notað hana til aksturs undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti að Ármúla 36 og brotist þar inn í söluturninn Með kaffinu og stolið 52 vindlingapökkum og um 4.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. og 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

5.

Að kvöldi sunnudagsins 21. janúar brotist inn í vörubifreiðina YD-086 við Suðurhóla 20 og stolið talstöð og útvarpi úr mælaborði bifreiðarinnar.

6.

Aðfaranótt laugardagsins 27. janúar brotist inn í húsið nr. 12 við Vagnhöfða og stolið þar símsenditæki.

7.

Brotist sömu nótt inn í Bón- og bílaþvottastöðina, Bíldshöfða 8, og stolið átta vindlingapökkum og um 3.000 krónum.

8.

Brotist sömu nótt inn í bifreiðaverkstæði lögreglunnar, Bíldshöfða 8 og stolið leðurjakka og leturvél, samtals að verðmæti um 37.000 kr.

9.

Að kvöldi laugardagsins 27. janúar brotist inn í verslunina Wurth, Bíldshöfða 10, og stolið um 2.000 krónum úr afgreiðslukassa.

10.

Brotist sama kvöld í þjófnaðarskyni inn í blikksmiðjuna Ísloft, Bíldshöfða 12, en horfið af vettvangi eftir leit að peningum.

11.

Brotist sama kvöld í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Austurleiðar hf., Hyrjarhöfða 2, og leitað árangurslaust að peningum.

12.

Brotist sama kvöld inn í Hjólbarðastöðina, Bíldshöfða 8, og stolið fjórum hjólbörðum, kassa með átakssköftum og verkfæratösku.

13.

Sunnudaginn 28. janúar brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Gísla Jónssonar ehf., Bíldshöfða 14, en horfið af vettvangi vegna mannaferða.

14.

Brotist sama dag í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Fanntófells, Bíldshöfða 12, og leitað þar að peningum án árangurs.

15.

Brotist sama dag í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Skorra hf., Bíldshöfða 12, og leitað þar árangurslaust að peningum.

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum B 5 – B 15 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og háttsemin samkvæmt liðum B 10, 11, 13, 14 og 15 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði Birgir jafnframt til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.

Málavextir.

Ákærðu hafa skýlaust játað það atferli, sem þeir eru saksóttir fyrir. Hafa þeir brotið þau lagaákvæði, sem tilfærð eru í ákærunum.

Ákærði Birgir hefur til þessa hlotið fjórtán refsidóma fyrir ýmisleg brot, og auk þess hefur hann margsinnis verið sektaður. Ákærði var dæmdur í níu mánaða fangelsi 15. janúar sl., og var þá dæmd upp 195 daga reynslulausn. Refsing ákærða verður að nokkru leyti hegningarauki við 75 daga af þeim dómi. Brot ákærða er stórfellt, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði X hefur til þessa hlotið tíu refsidóma og verið sektaður nokkrum sinnum. Refsingin verður hegningarauki og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Svipta ber ákærða Birgi ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfurnar í málinu, og ber að dæma þá til þess að greiða þær, eins og greinir í dómsorði, þó þannig, að vaxtakröfum Ólafs Arasonar, Valdimars Jónssonar, Bifreiðastöðvar Íslands, Rómeó og Júlíu, Söluturns Hólagarðs, Hagkaupa, Tryggingar hf., Sjóvár-Almennra hf. og Olíufélagsins hf. er vísað frá vegna vanreifunar, þar sem ekki er þar greindur lokadagur almennra vaxta og upphafsdagur dráttarvaxta.

Dæma ber ákærða Birgi til þess að greiða verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærða X til þess að greiða verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Þá ber að dæma ákærða Birgi til þess að greiða kostnað, sem hlaust af blóðtöku og alkóhólrannsókn. Annan kostnað leiddi ekki af málinu, svo að séð verði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Birgir Andrésson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði Birgir er sviptur ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

— — —

Ákærði Birgir greiði verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði X verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Birgir greiði auk þess kostnað, sem hlaust af blóðtöku og blóðrannsókn.